

Samþykkt fyrir ungmenningaráð Ísafjarðarbæjar

1. gr.

Stofnun og tilgangur

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur mikilvægt að íbúar bæjarins hafi sem mest áhrif á ákvarðanir sem snerta líf þeirra og afkomu. Í því skyni að gefa ungmennum bæjarins tækifæri til að láta rödd sína heyrast er stofnað til ungmenningaráðs á grundvelli æskulýðslaga nr. 70/2007. Í 11. gr. laganna segir: „Sveitarstjórnir hlutast til um að stofnuð séu ungmenningaráð. Hlutverk ungmenningaráða er m.a. að vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um málefni ungs fólks í viðkomandi sveitarfélagi. Sveitarstjórnir setja nánari reglur um hlutverk og val í ungmenningaráð.“

Tilgangur ungmenningaráðs Ísafjarðarbæjar er að skapa vettvang og leiðir til þess að gera ungmennum kleift að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri m.a. við kjörna fulltrúa sveitarfélagsins auk þess að veita ungmennum fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Ungmenningaráð starfar í umboði bæjarstjórnar í samræmi við samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

2. gr.

Hlutverk

Hlutverk ungmenningaráðs er að vera vettvangur ungmenna til að hafa áhrif á næsta umhverfi sitt. Sem dæmi um starfsemi ungmenningaráðs má nefna:

- Ungmenningaráð getur komið með ábendingar um öll málefni sveitarfélagsins.
- Ungmenningaráð getur staðið fyrir og auglýst fundi og boðið til þeirra kjörnum fulltrúum, embættismönnum og/eða öðrum aðilum sem mál varðar hverju sinni.
- Ungmenningaráð getur beitt sér fyrir bættri þjónustu við börn og ungt fólk.
- Ungmenningaráð getur haft samráð við foreldrafélög framhalds-, grunn- og leikskóla um málefni barna og unglinga.
- Ungmenningaráð getur staðið fyrir viðburðum.
- Ungmenningaráð hefur upplýsingasíðu á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum á framfæri við tengilið Ísafjarðarbæjar.

Nefndir og ráð bæjarins skulu senda ungmenningaráði til umsagnar öll málefni sem snerta ungt fólk sérstaklega og getur boðað fulltrúa ungmenningaráðs til sín.

3. gr.

Tilnefning í Skipan í ungmenningaráð

Í ungmenningaráði skulu sitja 9 fulltrúar tilnefndir af eftirtöldum aðilum: nemendum grunnskóla sveitarfélagsins, nemendum Menntaskólans á Ísafirði og ungmennum utan skóla.

Tilnefnt skal árlega og skulu berast bæjarráði fyrir 1. Október ár hvert. Í samræmi við jafnréttislög nr. 10/2008 skal hlutfall kynjanna vera sem jafnast. Ungmenna ráð kys sér formann og varaformann.

Athugasemd [MH1]:

Með þessu fyrirkomulagi hafa allir möguleika á að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Ábyrgðin dreifist yfir hópinn og fleiri einstaklingar taka virkan þátt í starfi Ungmenningaráðs

Ungmennaráð starfar samkvæmt beinu lýðræði. Með því fyrirkomulagi hafa allir möguleika á að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif á málefni sveitarfélagsins. Ábyrgðin dreifist yfir hópinn og fleiri einstaklingar taka virkan þátt í starfi Ungmennaráðs Ísafjarðarbæjar.

4. gr. Fundir

Ungmennaráð skal funda a.m.k. þrisvar sinnum á ári. Fulltrúar í ungmennaráði fá ekki greitt fyrir fundarsetu. Formaður ungmennaráðs boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra íþróttar- og tómstundasviðs og stýrir fundum ráðsins.

5. gr. Þjónusta Ísafjarðarbæjar við ungmennaráð

Til að greiða fyrir starfsemi ungmennaráðs beinir Ísafjarðarbær þeim tilmælum til stofnana bæjarins að þær veiti ungmennaráði aðstöðu til fundahalds án endurgjalds. Íþróttar- og tómstundanefnd ákveður ár hvert fjárframlag til ungmennaráðs sem ætlað er til að greiða t.d. pappír, póstburðargjöld, veitingar og fleira samanber hlutverk þess.

Umsjónamenn félagsmiðstöðva og sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs aðstoða ungmennaráð við upplýsingaöflun úr stjórnsýslunni ásamt því að birta fundargerðir ráðsins á vefnum. Íþróttar- og tómstundanefnd hefur fræðsluskyldu gagnvart fulltrúum í ungmennaráði.

Fundargerðir ungmennaráðs eru birtar á vef Ísafjarðarbæjar. Fundargerðirnar eru teknar til kynningar á fundum bæjarstjórnar og íþróttar- og tómstundanefndar.

6. gr. Samskipti

Íþróttar- og tómstundanefnd og sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs eru tengiliðir ungmennaráðs við sveitarfélagið.

Einu sinni á ári boðar bæjarstjórn ungmennaráð til fundar þar sem ungmennaráð getur komið sínum áherslum á framfæri.

Einu sinni á ári boðar íþróttar- og tómstundanefnd ungmennaráð til fundar þar sem farið er yfir störf þess, hlutverk þeirra og framtíðarsýn.

Ungmennaráð kemur erindum sínum á framfæri við bæjarstjórn eða stjórnsýslu bæjarins með formlegum hætti, þ.e. með bréfi eða tölvupósti. Ísafjarðarbær ber að svara erindum með bréfi eða tölvupósti.

Samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 21. september-xx. nóvember 2017